

Fimmtudaginn 17. maí 1956.

Nr. 1/1955. **Vörubifreiðastjórafélag Borgarfjarðarsýslu**
(Agnar Gústafsson hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands
ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra og Sjálfseignar-
bifreiðastjórafélagsins Þjóts á Akra-
nesi til réttargæzlu** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dómendur.**

Stéttarfélag. Félagsdómi er rétt að dæma um það, hvort stéttarfélag á rétt til inngöngu í samband stéttarfélaga, en inntökukröfu var hrundið vegna þess, að innsækjandi fullnægði ekki inntökuskilyrðum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 24. janúar f. á. af Vörubifreiðastjórafélagi Borgarfjarðarsýslu gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra og til réttargæzlu Sjálfseignarvörubilstjórafélaginu Þjóti á Akranesi.

Stefnandi gerir þessar dómkröfur:

1. að dæmt verði, að Vörubifreiðastjórafélag Borgarfjarðarsýslu sé stéttarfélag og þar með lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna.
2. að dæmt verði, að Vörubifreiðastjórafélag Borgarfjarðarsýslu eigi rétt til inngöngu í Landssamband ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins, en á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara krefst hann algerrar sýknu af kröfum stefnanda, og málskostnaðar krefst hann, hvort sem málinu yrði vísað frá eða hann sýknaður.

Þegar stefndi bar fram frávísunarkröfu sína, var málið

flutt munnlega um það atriði, en að þeim málflutningi loknum ákvað dómurinn, að málið yrði flutt munnlega, einnig að efni til, áður en tekin væri afstaða til frávisunarkröfunnar.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 10. apríl 1952 var Verkalýðs- og bifreiðastjórafélagið Skjöldur í Suður-Borgarfirði stofnað. Í félag þetta gengu þá ýmsir menn í sveitum Borgarfjarðarsýslu sunnan Skarðsheiðar. Félag þetta gekk síðan í Alþýðusamband Íslands og nutu félagsmenn þess eftir það þess forgangsréttar til vinnu, sem Alþýðusambandið náði samningum um fyrir félagsmenn innan sinna vébanda. Þannig nutu vörubifreiðaeigendur innan Skjaldar forgangsréttar til bifreiðaaaksturs í vegavinnu samkvæmt þágildandi samningi Alþýðusambandsins og Vegamálastjórnarinnar.

Hinn 11. og 12. apríl 1953 var að tilhlutan Alþýðusambands Íslands haldin bifreiðastjóraráðstefna í Reykjavík. Til ráðstefnu þessarar voru boðaðir fulltrúar frá öllum vörubilstjórafélögum innan sambandsins og vörubilstjóradeildum sambandsfélaga. Á þessari ráðstefnu var m. a. fulltrúi frá Verkalýðs- og bifreiðastjórafélaginu Skildi.

Ráðstefnan samþykkti að stofna Landsamband ísl. vörubifreiðastjóra. Skyldi sambandið vera í Alþýðusambandi Íslands. Voru því næst samþykkt lög fyrir Landsamband ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra og kosin bráðabirgðastjórn. Í sambandið gengu þegar 9 vörubilstjórafélög og félagsdeildir.

Samkvæmt fundargerð ráðstefnunnar verður ekki séð, að þar hafi verið tekin afstaða til réttarstöðu vörubifreiðaeiganda í verklyðsfélögum eins og Skildi, þar sem vörubilstjórar mynduðu ekki sérstaka deild innan verklyðsfélags.

Í lögum þeim, sem Landsamband ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra voru sett við stofnun þess, voru tekin upp ákvæði um það, hverjir ættu rétt til upptöku í sambandið, og segir svo í 2. gr. þeirra:

„Rétt til upptöku í sambandið hafa öll sjálfseignarvörubifreiðastjórasamtök, sem nú eru til í landinu, og félög, sem kunna að verða stofnuð síðar. Stefnt skal að

því, að þar sem því verður við komið, sé um sýslufélög að ræða.“

Dá er svo mælt í 4. gr. laganna:

„Rétt til inngöngu í sambandið hefur hvert það félag sjálfseignarvörubifreiðarstjóra, sem setur það skilyrði fyrir veru manna í félögunum, að þeir eigi eina vöruf lutningabifreið og hafi að aðalatvinnu að aka henni sjálfir. Ekki má taka í sambandið meira en eitt félag á hverju félagssvæði.“

Að lokinni nefndri ráðstefnu og stofnun Landssambandsins, ritaði Alþýðusamband Íslands Verkalýðs- og bifreiðastjórafélaginu Skildi. Er bréf þetta dags. 25. apríl 1953. Segir þar m. a., að nú sé nauðsynlegt „að allir sjálfseignarbifreiðastjórar, sem til þess hafa rétt, gangi í sambandið (þ. e. Landssambandið) hvort heldur er um að ræða einstök félög, deildir eða einstaklinga innan verklyðsfélaganna“. Þurfi því „að vinna að stofnun slíkra féлага og það jafnvel áður eða um leið og bifreiðastjórar fara úr verkalyðsfélögunum, til þess að þeir hafi að einhverju að hverfa um leið og þeir skilja við það félag, sem þeir hafa verið í“. Þá er ennfremur að því vikið í bréfi þessu og sérstaklega skirskotað til framangreindrar 2. gr. laga sambandsins, að stefna þurfi að því, að um sýslufélög verði að ræða og á það bent, að heppilegra muni „að bílstjórar á Akranesi og úr nágrenni Borgarfjarðarsýslu (svo) helguðu sér svæðið sunnan Skarðsheiðar“

Afleiðing þessa bréfs varð sú, að hinn 6. maí 1953 komu vörubifreiðarstjórar úr ýmsum hreppum Borgarfjarðarsýslu saman á fund á Grímarstöðum í Borgarfirði. Stofnuðu þeir á fundi þessum Vörubifreiðastjórafélag Borgarfjarðarsýslu og skyldi starfssvæði þess verða allir hreppar Borgarfjarðarsýslu. Þessi fundur hafnaði hins vegar þeirri stefnu að vera í vörubifreiðastjórafélagi með bifreiðastjórum á Akranesi, en þeir virðast, er þessi fundur var haldinn, þá þegar hafa boðað til stofnfundar vörubílstjórafélags, er næði yfir Akranes og Borgarfjarðarsýslu. Og 4 dögum síðar, hinn 10. maí 1953, var Vörubílstjórafélagið Þjótur stofnað á Akranesi. Var starfssvæði þess ákveðið Akranes og Borgarfjarðarsýsla,

en ekki munu aðrir en vörubifreiðastjórar á Akranesi hafa staðið að stofnun þess.

Stofnendur Vörubifreiðastjóraráfélags Borgarfjarðarsýslu voru 15 talsins, og allir búsettir í Borgarfjarðarsýslu. Settu þeir félaginu samþykktir og var svo ákveðið í 3. gr. þeirra, að rétt til inngöngu í félagið ættu þeir sjálfseignarvörubifreiðastjórar á félagssvæðinu, sem ættu eina vörubifreið, „enda hafi þeir að aðalatvinnu að aka henni sjálfir“. Daginn eftir, hinn 7. maí, sótti svo félagið um inngöngu í Landssambandið, en á fundi miðstjórnar sambandsins, sem haldinn var 8. júní s. á., ákvað hún að vísa inntökubeiðninni frá „þar sem margir af meðlimum félagsins geta ekki samkvæmt lögum sambandsins talizt að hafa að aðalatvinnu akstur vörubíla“. Hins vegar benti miðstjórnin á það, að vörubílstjóraráfélagið Þjótur á Akranesi hefði verið tekið í sambandið og væri öllum sjálfseignarvörubifreiðastjórum í sýslunni (þ. e. Borgarfjarðarsýslu), sem uppfylltu inntökuskilyrði samkvæmt lögum Landssambandsins, frjáls inn-ganga í það félag.

Stjórn Vörubifreiðastjóraráfélags Borgarfjarðarsýslu vildi ekki sætta sig við þessi málalok og veitti félagsfundur, sem haldinn var 21. júní 1953, stjórn félagsins heimild til þess að beita þeim ráðum, er tiltæk væru, til þess að ná félagsréttindum félaginu til handa í Landssambandi ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra. Kom inntökubeiðni félagsins enn til álita á svonefndum framhaldsstofnfundi Landssambandsins, sem haldinn var 13. og 14. marz 1954, en var þá vísað til væntanlegrar stjórnar til athugunar. Þessi framhaldsfundur fól stjórn sambandsins „að gera frekari tillögur um, hverjir geta talizt atvinnubílstjórar og hafa réttindi til aksturs og að gerast eða vera félagar innan L.Í.S.V. og leggja þær fyrir næsta landssambandsþing“. Eigi verður séð, að neinar slíkar tillögur hafi komið fram, og þar sem Vörubílstjóraráfélag Borgarfjarðarsýslu fékk eigi inngöngu í sambandið, höfðaði það mál þetta til viðurkenningar á þeim félagsréttindum, er það taldi sig eiga kröfu til.

Stefnandi, Vörubifreiðastjóraráfélag Borgarfjarðarsýslu, byggir dómkröfur sínar á því, að félagið sé löglega stofn-

að sem stéttarfélag sjálfseignarvörubifreiðastjóra. Það hafi sett sér samþykktir, sem mæli svo fyrir, að félagið láti kaup og kjör félagsmanna til sín taka og starfssvæði þess sé eigi minna, en nefnd lög mæli fyrir um. Félagið sé þannig lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938. Og þar sem félagið fullnægi með samþykktum sínum inntökuskilyrðum Landsambands ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra, þá sé sambandinu samkvæmt ákvæðum 2. gr. sömu laga skylt að veita því inngöngu, en stefnandi telur að nefnd 2. gr. eigi jafnt við um samband verklyðsfélaga sem verklyðsfélag.

Stefndi byggir frávisunarkröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi geti ekki fyrir Félagsdómi sótt stefnda til viðurkenningar á því, að Vörubifreiðastjórafélag Borgarfjarðarsýslu sé stéttarfélag, þar sem sá dómstóll geti ekki samkvæmt 44. gr. laga nr. 80/1938 lagt dóm á slíka kröfu í máli milli tveggja stéttarféлага svo að bindandi sé almennt. Í öðru lagi styður hann frávisunarkröfuna þeim rökum, að jafnvel þótt svo yrði talið, að stefnandi væri stéttarfélag í merkingu nefndra laga þá bæri samt að vísa kröfu hans um inngöngu í Landssamband ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra frá dómi, þar sem 2. gr. laga nr. 80/1938 eigi ekki við um sambönd stéttarféлага og eigi verði heldur af öðrum ákvæðum sömu laga dregin sú ályktun, að samböndum verkalýðsfélaga sé skylt að veita stéttarfélögum inngöngu í samtök sín. Synjun Landssambands ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra, sé því ekki brot á nefndum lögum og verði ágreiningur um það, hvort stefnandi eigi rétt til inngöngu í nefnt samband eigi borinn undir Félagsdóm, sem samkv. 44. gr. nefndra laga, geti aðeins dæmt um afstöðu einstakra verklyðsfélaga gagnvart inntökubeiðni verkamanna.

Stefnandi hefur mótmælt frávisunarkröfu stefnda. Telur hann að 2. gr. laga nr. 80/1938 eigi jafnt við um sambönd verklyðsfélaga sem verklyðsfélög. Mál til viðurkenningar á rétti sínum til inngöngu í Landssambandið sé því réttilega höfðað fyrir Félagsdómi, þar sem synjun stefnda sé brot á ákvæðum 2. gr. laganna. Í því sambandi hljóti einnig að koma til álita, hvort Vörubifreiðastjórafélag Borgarfjarðar-

sýslu sé stéttarfélag í merkingu nefndra laga og sé sér því jafnframt rétt að krefjast dómsviðurkenningar á því hér fyrir dómi.

Í 2. gr. laga nr. 80/1938 er lögfest sú höfuðregla, að stéttarfélag skuli vera opin öllu verkafólki í hlutaðeigandi starfsgrein. Hins vegar geymir grein þessi engin bein ákvæði um rétt stéttarfélaga til inngöngu í sambönd stéttarfélaga. Verður því að athuga, hvort önnur ákvæði laganna eða almenn laga-rök leiði til þess, að sama eigi að gilda um stéttarfélagasambönd og verklýðsfélög að þessu leyti.

Samkvæmt 1. gr. nefndra laga er mönnum rétt að stofna stéttarfélagasambönd og í 3. gr. sömu laga er gert ráð fyrir því, að stéttarfélagasambönd geti gert samninga, sem séu bindandi fyrir einstaka félagsmenn þeirra stéttarfélaga, er í sambandinu eru. Í framkvæmdinni er það og svo, að samband, eins og t. d. Landssamband ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra gerir samninga um kaup og kjör vegna félagsmanna þeirra stéttarfélaga, sem í sambandinu eru og hefur fengið í slíka samninga ákvæði um forgangsrétt þeim til handa til vinnu hjá slíkum vinnuveitenda sem Vegagerð ríkisins er, og taka þeir samningar til allrar þeirrar vinnu, sem Vegagerðin lætur framkvæma. Þessi forgangsréttaraðstaða Landssambands ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra leiðir til þess, að telja verður sambandið að þessu leyti hliðstætt einstökum stéttarfélagum, en forgangsréttarákvæði þau, sem stéttarfélag ávallt leggja kapp á að fá inn í kjarasamninga sína við atvinnurekendur, eru einmitt mikilvægasta ástæðan fyrir því, að talið er nauðsynlegt að tryggja verkamönnum og verkakönum í hverri starfsgrein inngöngu í stéttarfélag þeirrar starfsgreinar, svo sem gert er með ákvæðum 2. gr. laga nr. 80/1938. Þegar þetta er virt verður að telja, að laga-rök leiði til þess, að nefnd grein eigi beint við um framan-greind lögskipti Landssambands ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra og stefnanda. Og þar sem ekki verður annað séð, en að Vörubifreiðastjórafélag Borgarfjarðarsýslu geti út af fyrir sig talizt stéttarfélag svo sem nánar verður vikið að síðar, var stefnanda rétt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. nefndra laga að bera undir Félagsdóm, hvort synjun Landssambandsins um

að veita honum inngöngu í samtök sín fái samrýmst ákvæðum 2. gr. laganna. Verður frávisunarkrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Kröfu sína um sýknu byggir stefndi fyrst og fremst á því, að stefnandi geti ekki, svo sem áður var rakið, beint gegn sér kröfu um dómsviðurkenningu á því, að hann sé stéttarfélag. Slikri kröfu verði aðeins beint gegn væntanlegum viðsemjanda stéttarfélags um kaup og kjör, þ. e. atvinnurekanda. En þótt ekki yrði á þá skoðun fallizt, þá telur stefndi, að sýkna beri hann vegna þess, að Vörubílstjórafélag Borgarfjarðarsýslu sé ekki í raun og veru stéttarfélag sjálfseignarvörubifreiðastjóra, þar sem aðeins einn af félagsmönnum þess verði nú talinn hafa bifreiðaaakstur að aðalatvinnu, en þeir muni hins vegar hafa verið tveir, er svo stóð á um, þegar félagið var stofnað. Að minnsta kosti hljóti þessi staðreynd að leiða til þess, að stefnda sé ekki skylt að veita stefnanda inngöngu, þar sem það sé eitt af inntökuskilyrðum sambandsins, að félagsmenn í félagi því, er inn sækir, eigi eina vörubifreið og hafi að aðalatvinnu að aka henni sjálfir. Telur stefndi að ekki skipti hér máli, þótt samþykktir stefnanda mæli svo fyrir, að inntaka í félagið sé bundið slíku skilyrði, þar sem svo sé ástatt, eins og rakið var, að aðeins einn félagsmanna fullnægi nú því skilyrði. Loks hefur stefndi borið það fram sér til sýknu, að samkvæmt lögum Landssambandsins megi ekki taka í sambandið nema eitt félag á hverju félagssvæði. Nú hafi sjálfseignarvörubifreiðastjórafélagið Þjótur þegar verið tekið í sambandið, en félagssvæði þess sé einmitt Akranes og Borgarfjarðarsýsla. Sé því af þessum sökum ekki heimilt að taka í sambandið annað félag úr Borgarfjarðarsýslu.

Samkvæmt gögnum máls þessa stofnuðu 15 vörubifreiðastjórar búsettir í Borgarfjarðarsýslu Vörubílstjórafélag Borgarfjarðarsýslu. Ekki verður talið fullsannað, að hver og einn þeirra hafi átt eina vöruflutningabifreið og viðurkennt er, að aðeins 4 þeirra í hæsta lagi hafi, er félagið var stofnað og sótti um inngöngu í Landssambandið, haft að aðalatvinnu að aka vörubifreið sinni. Hafa þeir, sem félagið stofnuðu, þannig lang fæstir fullnægt þessu inntökuskilyrði félagssamþykkt-

anna. Stendur við hið sama í þessu efni enn í dag, og er ekki gegn mótmælum stefnda sannað, að fleiri en einn félagsmanna uppfylli nú nefnt inntökuskilyrði.

Stefnandi hefur viljað halda því fram, að þetta atriði skipti ekki máli, enda hafi þeir bifreiðarstjórar, sem stóðu að stofnun Vörubifreiðastjórafélags Borgarfjarðarsýslu, áður verið í Verkalýðs- og bílstjórafélaginu Skildi, sem viðurkennt hafi verið sem fullgilt stéttarfélag og tekið í Alþýðusamband Íslands með fullum réttindum. Telur stefnandi óeðlilegt og ósanngjarnt, að þeir bílstjórar, sem áður voru í Skildi, skuli nú vegna stofnunar Landssambands ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra sviptir þeim réttindum, sem þeir áður höfðu haft, og það því fremur sem Vörubílstjórafélag Borgarfjarðarsýslu hafi beinlínis verið stofnað fyrir ábendingu og áeggjan Alþýðusambands Íslands, sem jafnframt hafi beitt sér fyrir stofnun Landssambandsins.

Samkvæmt samþykktum stefnanda og öðru því, sem fram hefur komið um Vörubílstjórafélag Borgarfjarðarsýslu verður ekki annað séð en að stefnandi sé að lögum stéttarfélag, en það getur hann að sjálfsgöðu vel verið, hvað sem rétti hans til inngöngu í Landssambandið líður. En það sem máli skiptir og úrslitum ræður, er meta skal rétt hans til inngöngu í félagsskap stefnda er hins vegar það, hvort stefnandi fullnægir þeim inntökuskilyrðum, sem sett eru í lögum Landssambands ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra.

Ef lítið er á samþykktir Vörubifreiðastjórafélags Borgarfjarðarsýslu, þá fullnægja þær eftir bókstaf sínum því skilyrði 4. gr. laga Landssambandsins, að réttur til inngöngu í félagið og til að vera í því sé bundinn því skilyrði, að félagsmaður eigi eina bifreið og hafi að aðalatvinnu að aka henni sjálfur. En þar sem ekki er sannað að fleiri en tveir stofnenda félagsins hafi fullnægt síðara skilyrðinu, hvorki er félagið var stofnað né síðar, verður þegar af þeirri ástæðu ekki talið að Landssambandi ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra sé skylt að veita stefnanda inngöngu í sambandið. Getur það ekki komið stefnanda að haldi, þótt félagsmenn hans væru áður félagar í Skildi, enda höfðu þeir hvorki verið sérstök deild innan þess félags né stofnað Vörubifreiðastjórafélag

Borgarfjarðarsýslu áður en Landssambandið var stofnað, sbr. 2. gr. samþykktá þess.

Samkvæmt þessu verður tekin til greina krafa stefnanda, að Vörubifreiðastjórafélag Borgarfjarðar sé stéttarfélag, en að öðru leyti ber að sýkna stefnda af kröfum hans.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Frávísunarkrafa stefnda er ekki tekin til greina.

Vörubifreiðastjórafélag Borgarfjarðar er stéttarfélag samkvæmt lögum nr. 80/1938.

Að öðru leyti skal stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Landssambands ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra, vera sýkn af kröfum stefnanda, Vörubifreiðastjórafélags Borgarfjarðarsýslu, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 28. júní 1956.

Nr. 6/1955. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Akureyrar vegna Ragnars Árnasonar**

(Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda f. h. Útgerðarfélag Akureyringa h.f.

(Kristinn Gunnarsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Fiskveiðar: Deilt um skilning á ákvæðum kjarasamnings um siglingarleyfi háseta, þegar togarar sigla til útlanda með afla sinn.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags. 27. september f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Akureyrar vegna Ragnars Árnasonar gegn Félagi ísl.